
Fornleifaskráning á Tungnaáreyrum, Rangárþingi ytra



Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS1086-26021

Reykjavík

Fornleifastofnun Íslands 2026



*Yfirlitsmynd af úttektarsvæðinu, horft er til norðausturs.
Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

Verkefnanúmer MÍ: 3542

© 2026

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Skýrsla þessi fjallar um fornleifaskráningu á Tungaáreyrum sem fór fram í janúar 2026 að beiðni Landsvirkjunar. Skráningin var unnin vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Rangárþings ytra en ætlunin er að stækka efnistökusvæði E70 á þessum stað (L229508). Úttektarsvæðið var 7,5 ha að stærð og var engin fornleif skráð innan þess.

Efnisorð: Fornleifaskráning, efnistökusvæði, Tungnaáreyrar, Landsvirkjun

Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out at Tungnaáreyrar, Rangárþing ytra, in January 2026 at the request of Landsvirkjun. The survey was conducted in connection with proposed changes to the municipal master plan, involving plans to expand raw material extraction area E70 (L229508). The surveyed area was 7.5 ha, and no archaeological sites were found within it.

Keywords: archaeological survey, Landsvirkjun, raw material extraction area, detailed survey

Efnisyfirlit

1. Inngangur 7

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 9

Heimildir 13


Minjakort 14



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á kortinu með bláum kassa. © Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands/Náttúrufræðistofnun

1. Inngangur

Fyrirhugaðar eru breytingar á aðalskipulagi Rangárpings ytra 2016-2028, innan efnistökusvæðis E70 á Tungnaáreyrum (L229508). Með breytingunni er gert ráð fyrir að svæðið verði stækkað úr 2,5 ha yfir í 7,5 ha og heimiluð efnistaka eykst úr 50.000 m³ í allt að 100.000 m³. Breytingin mun styðja við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu þar sem reknar eru sjö vatnsaflsvirkjanir og eitt vindorkuver. Breytingin gefur Landsvirkjun meira svigrúm fyrir efnistöku vegna núverandi, fyrirhugaðra og áframhaldandi reksturs og framkvæmda.



Mynd 2: Úttektarsvæðið er alls um 7,5 ha og afmarkast af blárrí línu á myndinni. ©Loftmyndir ehf

Efnistökusvæði E70 er á óbyggðu svæði sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar, nokkru austan við mörk Ásahrepps. Tungnaá er alla jafna laus við jökulvatn þar sem vatn rennur í gegn um virkjun við Búðarháls. Farvegurinn nýtist þó fyrir yfirfallsvatn og einnig er þar grunn- og uppsprettuvatn. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er ríkjandi vistgerð á svæðinu eyðihraunavist en skógrækt er einnig stunduð þar.¹

1 Efla Verkfræðistofa, 2025

Svæðið hefur áður verið aðalskáð sem hluti af afrétti Holtamanna/Landmanna.² Í þeirri skráningu var engin fornleif skráð nærri eða innan úttekarsvæðisins. Vettvangsskráningin fór fram um miðjan janúar 2026 og var gengið skipulega yfir úttekarsvæðið í leit að áður óþekktum fornleifum. Um vettvangsvinnu og skýrsluskrif sá Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af henni nema annað sé tekið fram en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá.

2 Unnin af Fornleifastofnun Íslands 2015, óútgefin. Kristborg Þórsdóttir, í vinnslu

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Niðurstöður

Skráningin var unnin að beiðni Landsvirkjunar vegna breytinga á aðalskipulagi Rangárþings ytra innan efnistökusvæðis E70 á Tungnaáreyrum. Breytingin gefur Landsvirkjun meira svigrúm fyrir efnistöku vegna áframhaldandi reksturs og framkvæmda við t.d. Vaðöldu, Sigöldu og Sultartanga. Úttektarsvæðið er 7,5 ha að stærð og er alfarið á Tungnaáreyrum. Efnistaka er þegar innan meginhluta svæðisins, þar eru gryfjur og stórir malarhaugar. Lúpína vex á ármelunum, meðfram efnistökusvæðum en lítið er um annan gróður.



Horft til suðvesturs yfir hluta úttektarsvæðisins. Efnistaka er þegar innan þess líkt og sést á myndinni.

Úttektarsvæðið tilheyrði áður Landmannaafrétti en nú Holtamannaafrétti og hefur helsta nýting þess fyrr á öldum verið til beitar. Þekkar minjar á afréttinum eru þó flestar mun austar, við Fjallabaksleið og í Landmannalaugum, og ljóst að lítil umsvif voru á þessum hluta afréttarins fram eftir öldum. Það má segja að bættar samgöngur og tilkoma aflstöðvanna sé ein helsta ástæða þess að umferð eykst um þennan hluta afréttarins.

Eftirfarandi heimildir um afréttinn eru í gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands:

RA-683 Landmannaafréttur (Holtamannaafréttur)

„Afrétt á jörðin sem aðrar í Landmannahrepp, sem af flestum búendum á Landi er halinn fyrir framan Túná, og nú kallast Landmanna afrjettur eða Glæður. Þó hafa bændur í Holtamannahreppi brúkað hann til fjelags með Landamönnum og Landmenn í sama máta Holtmanna afrjett (so kallaðan) fyrir norðan eða innan Túná og vita

menn ekki fyrir víst, hver afjettur hverri sveit með rjettu framar tilheyrir.”³

“Álitið hefur verið, að Landmannaafréttur hafi að fornu tilheyrt Landmönnnum einum og Holtamannaafréttur bændum í Holtamannahreppi hinum forna. Eftir miðja 19. öld er nokkur breyting á orðin, því að þá eru nokkrir bændur úr Holtamannahreppi farnir að reka fé sitt á Landmannaafrétt, og bændur í Landssveit reka þá almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtamannaafrétt. Hvenær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst. Um 1890 var Holtamannahreppi skipt í tvo hreppa. Ákváðu þá hreppsnefndir hinna nýju hreppa, að Holtamenn skyldu reka á Landmannaafrétt en Áshreppingar á Holtmannaafrétt. Hefir sú tilhögun haldist síðan, þó að eigi hafi hlotið samþykki Landmanna.”⁴

„Um ferjustaði og vöð á Tungnaá sjá nyrðri afréttina - Holtamannaafrétt, Þóristungur og Veiðivötn.- Lambafit - stór grasflöt sem var með fram Helliskvísl, sem Lambafitjähraun frá 1913 dregur nafn sitt af, rann það yfir fitina og haldi með öllu. Hafði það verið síður Landmanna að sleppa þar fráferulömbum á vorin, er þau voru rekin á fjall.“⁵

Ekki fundust minjar innan úttektarsvæðis við skráninguna. Svæðið er þegar mikið raskað vegna efnistöku, þar eru gryfjur, malarhaugar og vegslóðar. Miðað við sögu svæðisins og landshætti má telja ólíklegt að fornleifar hafi verið að finna á svæðinu áður en framkvæmdir hófust. Svæðið er fjarri þekktum leiðum og á eyrum Tungnaár sem þótti erfið yfirferðar.

Í lok skýrslu er rétt að vekja athygli á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en í þeim segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Enn fremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“

3 JÁMI, 281

4 GR I, 257

5 HB Sumar, 75-76

Heimildir

GR: Bragi Sigurjónsson. 1983. *Göngur og réttir. Skaftafells- og Rangárvallasýsla I.* Akureyri, Bókaútgáfan Skjaldborg.

HB sumar: Hjörtur Björnsson. 1943. *Sumar á fjöllum.* Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I.* Vestmanneyja- og Rangárvallasýsla. 1913-1917. Kaupmannahöfn.


Uppdráttur Íslands: Uppdráttur Íslands. 1921-1934. Landsbókasafn Íslands.

Óutgefnar heimildir:

Efla Verkfræðistofa. 2025. *Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2026. Stækkun námusvæða við Tungnaáreyrar E70 og Ferjufit E122. Skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar.*

Kristborg Þórsdóttir. Í vinnslu. *Aðalskráning fornleifa í Rangárbingi ytra. Áfangaskýrsla V.*

Úttektarsvæði E70 á Tungnaáreyrum sýnt á Úppdrætti Íslands





Úttektarsvæði E70 á Tungnaáreyrum

